Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 19.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.

**Eikjuvogur 27**
Lögð fram umsókn A2F arkitekta ehf., mótt. 13. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Eikjuvog. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr einni í þrjár, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarps- og skýringaruppdr. A2F arkitekta ehf. dags. 17. október 2017.
*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: deiliskipulags- og skuggavarps- og skýringaruppdr. dags. 17. október 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

# BREYTING Á DEILISKIPULAGI,  EIKJUVOGUR 27

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

## ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI, mkv. 1:500

Hluti af gildandi deiliskipulagi, Eikjuvogur 27, samþykkt í skipulagsráði þann 19. desember, 2007. Auglýst  í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar, 2008 .







Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

### EIKJUVOGUR 27

**Almennt**

Til er deiliskipulagsuppdráttur  af lóð nr. 27 við Eikjuvog, samþykktur í skipulagsráði þann 19. desember 2007.

**NÚVERANDI  SKILMÁLAR ÚR GILDANDI  SKIPULAGI:**

1. Á lóðinni skal reisa einbýlishús og bílageymslu, óheimilt er að hafa fleiri en eina íbúð í húsinu.
2. Hús skal vera kjallari/jarðhæð og 1. hæð, neðrihæð/jarðhæð er lítillega niðurgrafin með bílageymslu. Þak er tvíhalla.
3. Stærð byggingarreits er 13x20m. Byggingarreitur bílgeymslu fer út úr byggingarreit í norðaustur um 3m.
4. Tvö bílastæði skulu vera staðsett á lóðinni og annað þeirra staðsett framan við bílgeymslu.
5. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa nærliggjandi lóða. Girðingar eru háðar samþykki byggingarfulltrúa.
6. Þar sem um fallega ræktaða lóð er að ræða verður tekið tillit til trjágróðurs við hönnun á húsinu. Varðveita ber núverandi tré sem merkt eru á uppdrætti.
7. Við hönnun húss skal taka tillit til nærliggjandi húsa og byggingin skal fara vel í umhverfi og götumynd.
8. Nánari útfærsla skal unnin í samráði við skipulagsstjóra.

TAFLA MEÐ NÚGILDANDI SKILMÁLUM

| Heiti götu | Nr. | Íbúðir | Stærð lóðar (m2) | Byggingarm. ofanjarðar | Nýtingar-hlutfall | Fjöldi bílastæða | Hámarksh. yfir götu (m) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eikjuvogur | 27 | 1 | 722 | 382,3 | 0,53 | 2 | 8,1 |

### SKÝRINGAR

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi lóðamörk
- Núverandi byggingar
  Fyrir utan deiliskipulagssvæði
- Byggingarreitur hámark
  Hallandi þak
- Opið stigahús
- Megin mænisstefna
- 1KR Hæðir / kjallari / ris
- Bílastæði
- Núverandi tré sem ber að varðveita
- 100 m² Lóðastærð

## TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI, mkv. 1:500




**LÝSING Á BREYTINGU**

Íbúðum er fjölgað úr einni í þrjár. Bygging brotin upp í tvo hluta með jafnhalla þaki með mænisstefnu samsíða götu. Hámarkshæð þakkants bygginga er hækkuð um 40 cm. Engin breyting er á byggingarmagni, heildarhæð bygginga, nýtingarhlutfalli eða fjölda bílastæða.

**BREYTTIR SKILMÁLAR:**

1. Á lóðinni skal reisa hús með allt að þremur íbúðum. Taka skal tillit til aðliggjandi byggðarmynsturs, brjóta má húsið brotið upp í minni einingar sem tengd eru saman. Heimilt er að tengja hús saman með opið stigahús.
2. Hús skal vera fyrsta hæð og önnur hæð, heimilt er að vera með rishæð ef nýtingarhlutfall leyfir.  Heimilt er að grafa jarðhæð lítillega niður ásamt bílgeymslu. Þak er tvíhalla og heimilt er að byggja kvisti á allt að 1/2 (helming) af lengd húss.
3. Stærð byggingarreits er 13x20m.
4. Tvö bílastæði eru á lóð.
5. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa nærliggjandi lóða. Girðingar eru háðar samþykki byggingarfulltrúa.
6. Þar sem um fallega ræktaða lóð er að ræða verður tekið tillit til trjágróðurs við hönnun á húsinu.
7. Við hönnun húss skal taka tillit til nærliggjandi húsa og byggingin skal fara vel í umhverfi og götumynd.
8. Nánari útfærsla skal unnin í samráði við skipulagsfulltrúa.

Helstu stærðir:

Lóð: 722m2
Nýtingarhlutfall: 0,53

TAFLA MEÐ BREYTTUM SKILMÁLUM

| Heiti götu | Nr. | Íbúðir | Stærð lóðar (m2) | Byggingarm. ofanjarðar | Nýtingar-hlutfall | Fjöldi bílastæða | Hámarksh. yfir götu (m) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eikjuvogur | 27 | 3 | 722 | 382,3 | 0,53 | 2 | 8,1 |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í ________________________________

þann __________ 20__ og í

____________________________þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__ með athugasemdafresti til __________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_

### SNIÐ, SKÝRINGARMYND




Snið A-A mkv. 1:500

Snið B-B mkv. 1:500 (skv. kennisniði)


A2F ARKITEKTAR
ARKITEKTÚR . SKIPULAG . VISTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF
Laugarvegi 26, 101 Reykjavík s.:571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539


## Eikjuvogur 27

Breyting á deiliskipulagi

Uppdráttur og skilmálar

| Dagsetning | Mælikvarði | Blaðastærð |
|---|---|---|
| 17.10.2017 | 1:500 | A2 |

| Númer: | Útgáfa | Teiknað af | Yfirfarið af |
|---|---|---|---|
| 1 / 2 | | SJF, AA | AA, FK |

# BREYTING Á DEILISKIPULAGI, EIKJUVOGUR 27

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

## SKKUGGAVARP



Sumarsólstöður kl. 10



Sumarsólstöður kl. 13



Sumarsólstöður kl. 16



Jafndægur kl. 10



Jafndægur kl. 13



Jafndægur kl. 16




Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030







Grunnmynd 1. hæð, mkv. 1:200



Grunnmynd 2. hæð



Snið B-B



Snið A-A



Snið C-C



Ásýnd norðaustur



Ásýnd suðaustur



Ásýnd norðvestur



Ásýnd suðvestur

Grunnmynd 2. hæð, snið og ásýndir, mkv. 1:400

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í ________________________________________

þann __________ 20__ og í

_____________________________þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__ með athugasemdafresti til __________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_


A2F ARKITEKTAR

ARKITEKTÚR . SKIPULAG . VISTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF

Laugarvegi 26, 101 Reykjavík s.:571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879

Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539


### Eikjuvogur 27

Breyting á deiliskipulagi

Skuggavarp og skýringarmyndir

| Dagsetning | | Mælikvarði | Blaðastærð |
|---|---|---|---|
| 17.10.2017 | | 1:200, 1:400 | A2 |
| Númer: | Útgáfa | Teiknað af | Yfirfarið af |
| 2 / 2 | | SJF, AA | AA, FK |